

Nd. 773. Breytingartillögur [423. mál]

við frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Við 8. gr. 2. mgr. orðist þannig:
Ákvæði XVII. kafla laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gilda um þá banka er setja á stofn umboðsskrifstofur samkvæmt 1. mgr. en að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um starfsemi þeirra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, þ. á m. um skilyrði fyrir leyfisveitingu og afturköllun leyfisins ef starfrækslan brýtur í bága við settar reglur.
2. Við 21. gr.
 - a. Við 4. mgr. bætist: Bankaráð ákveður innláns- og útlánaflokka bankans og hvaða reglur og ákvæði gilda um þá.
 - b. Við greinina bætist ný mgr. sem orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr. skal ráðherra heimilt að fresta stofnsetningu allra nýrra útibúa um eins árs skeið ef hann telur nauðsyn á því.
3. Á eftir 25. gr. komi ný gr. er orðist svo:
Í hverjum banka skal vera starfandi starfsmannaráð skipað fjórum fulltrúum starfsfólks, tveimur kjörnum af bankaráði og einum fulltrúa bankastjórnar, og skal kjör fara fram árlega í janúarmánuði. Starfsmannaráð kýs sér formann og ritara. Starfsmannaráð skal fjalla um þau málefni er varða starfsaðstöðu, nýjungar eða breytingar í rekstri og vinnufyrirkomulagi og önnur þau mál er varða starfsfólk sérstaklega. Sérhver sá er sæti á í starfsmannaráðinu getur tekið upp slík mál á fundi.
Bankaráð og bankastjórn skulu vísa málum af þessu tagi til starfsmannaráðsins til umfjöllunar. Starfsmannaráðið gerir tillögur og skilar ályktunum til bankaráðs og bankastjórnar.
4. Við 28. gr. 2. mgr. orðist þannig:
Viðskiptabanka er óheimilt að eiga hlut í félögum sem reka aðra starfsemi en um getur í 1. mgr.
5. Við 37. gr. Á eftir fyrri málsgr. komi fjórar nýjar málsgr. er orðist svo:
Ársreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans.

Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. Launagreiðslur:

- a. Heildarlaunagreiðslur.
- b. Föst yfirvinna.
- c. Önnur yfirvinna.
- d. Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.

Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í a-, b- og c-lið.

II. Bifreiðakostnaður:

- a. Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
- b. Notkun bílaleigubifreiða.
- c. Notkun leigubifreiða.
- d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. Risnakostnaður:

- a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
- b. Risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. Ferðakostnaður:

- a. Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
- b. Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.

Einnig skal í ársreikningi koma fram svofelld sundurliðun á fjármunamyndun:

Efnislegir fjármunir:

- a. Húseignir, lóðir og lendur.
- b. Vélar, áhöld, húsgögn o. fl.
- c. Bifreiðar.
- d. Aðrar eignir.

Sundurliða skal framangreinda flokka þannig:

1. Keypt og byggt á árinu.
2. Selt á árinu.
3. Afskrifað og fært á rekstrarreikning.
4. Endurmat á árinu fært á endurmatsreikning.

6. Við 40. gr. 2. mgr. orðist þannig:

Á aðalfundi hlutafélagsbanka skulu kjörnir hlutbundinni kosningu a. m. k. tveir skoðunarmenn til eins árs í senn. Jafnframt skal ráðherra skipa einn skoðunarmann til sama tíma og sé hann löggiltur endurskoðandi.

7. Á eftir VIII. kafla komi þrír nýir kaflar er orðist svo:

a.

IX. KAFLI

Tryggingarsjóður hlutafélagsbanka.

51. gr.

Stofna skal Tryggingarsjóð hlutafélagsbanka og skulu allir hlutafélagsbankar vera aðilar að honum.

Tryggingarsjóðurinn er sjálfseignarstofnun og er banka því ekki heimilt að færa framlög sín til hans sem eign í efnahagsreikningi.

52. gr.

Meginhlutverk Tryggingarsjóðs er að tryggja full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit hlutafélagsbanka, sbr. VIII. kafla laga þessara. Stjórn Tryggingarsjóðs getur eftir atvikum ákveðið að tryggja skil á öðrum skuldbindingum hlutafélagsbanka.

Stjórn Tryggingarsjóðs er heimilt:

1. að veita hlutafélagsbanka lán eða yfirtaka vissar eignir hlutafélagsbanka,
2. að ganga í ábyrgð fyrir hlutafélagsbanka,
3. að bæta, með samþykki aðalfundar Tryggingarsjóðs, sérstakt tap og kostnað sem hlutafélagsbanki verður fyrir.

Stjórn Tryggingarsjóðs getur sett tiltekin skilyrði fyrir aðstoð sem hlutafélagsbanka er veitt samkvæmt heimildarákvæðum þessum.

53. gr.

Lýsi hlutafélagsbanki sig gjaldþrota og hætti viðskiptum skal Tryggingarsjóður hlutafélagsbanka, innan viku frá því að viðskiptum er hætt, greiða innstæðueignum innstæður sínar allt að kr. 200 þús. af hverri innstæðu. Tryggingarsjóðurinn eignast þá kröfu í þrotabú bankans sem þessari heildargreiðslu nemur.

54. gr.

Hver hlutafélagsbanki skal árlega greiða framlag til Tryggingarsjóðs sem sé ákveðið hlutfall af heildarinnlánsfé bankans um næstu áramót á undan. Fyrstu árin, sem Tryggingarsjóður starfar, skal þetta hlutfall vera minnst 0,15% þar til eigið fé Tryggingarsjóðs hefur náð 2% af heildarinnlánsfé hlutafélagsbankanna. Aðalfundur ákveður hlutfallið með samþykki ráðherra en það skal vera hið sama fyrir alla bankana.

Til þess að Tryggingarsjóður geti þegar við stofnun gegnt meginhlutverki sínu samkvæmt 52. gr. skal hver banki ganga í ábyrgð fyrir Tryggingarsjóð með upphæð er skal nema 0,5% af heildarinnlánsfé bankans um næstu áramót á undan. Þegar samtala ábyrgðarskuldbindinga samkvæmt þessari mgr. og eigin fjár Tryggingarsjóðs skv. 1. mgr. hefur náð 2% af heildarinnlánsfé hlutafélagsbankanna getur fjárhæð ábyrgðarskuldbindinga lækkað sem svarar til aukinna framlaga til Tryggingarsjóðs, sbr. 1. mgr. Eftir nánari ákvörðun stjórnar Tryggingarsjóðs skulu bankarnir leggja fram formlegar tryggingar fyrir ábyrgð sinni.

55. gr.

Ávöxtun á fé Tryggingarsjóðs skal við það miðuð að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. Nánari reglur um ávöxtun á fé sjóðsins skal setja í samþykktir hans.

56. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs.

Hver banki fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlutfall innborgaðs ársframlags hans af heildarársframlögum í sjóðinn síðasta reikningsár fyrir aðlfund. Hver banki má þó ekki fara með meira en $\frac{1}{3}$ hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóðnum. Kjörbréf fulltrúa skal undirritað af meiri hluta bankaráðs hvers banka.

Aðalfundur kys menn í stjórn og varastjórn og staðfestir ársreikning sjóðsins.

Aðalfundur er ekki ákvörðunarbær nema fulltrúar a. m. k. helmings bankanna séu á fundinum enda fari þeir með a. m. k. $\frac{1}{3}$ hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóðnum.

Ráðherra viðskiptamála skal boða til fyrsta fundar Tryggingarsjóðs.

57. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs er skipuð fimm mönnum. Fjórir stjórnarmenn, ásamt jafnmörgum varamönnum, skulu kjörnir hlutbundinni kosningu á aðalfundi til eins árs í senn. Forstöðumaður bankaeftirlitsins eða varamaður hans á fast sæti í stjórn Tryggingarsjóðs. Stjórn Tryggingarsjóðs kys sér formann og skiptir með sér verkum.

58. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs hefur heimild til að rannsaka eða láta rannsaka rekstur og efnahag banka, þar með talin framkvæmd endurskoðunar. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá banka.

Stjórn og starfsmenn Tryggingarsjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi bankanna og viðskiptamanna þeirra og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

59. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs skal ráða löggiltan endurskoðanda til að annast árlega endurskoðun hjá sjóðnum.

60. gr.

Aðalfundur setur Tryggingarsjóði samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

b.

X. KAFLI

Þóknun vegna ábyrgðar ríkissjóðs.

61. gr.

Ríkisviðskiptabankar skulu greiða árlega þóknun til ríkissjóðs sem sé jafnhátt hlutfall af heildarinnlánsfé um næstu áramót á undan og hlutafélagsbönkum er gert að greiða sem framlag hlutafélagsbanka í Tryggingarsjóð hlutafélagsbanka skv. IX. kafla laga þessara.

c.

XI. KAFLI

Endurskoðun fjárhæða.

62. gr.

Ráðherra skal a. m. k. annað hvert ár og eftir því sem tilefni gefst til endurskoða fjárhæðir í 3. mgr. 5. gr. og 53. gr. þessara laga til samræmis við verðlagsþróun að fenginni umsögn Bankaeftirlitsins.

8. Ákvæði til bráðabirgða I orðist þannig:

Sameina skal Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands í einn banka fyrir gildistöku laga þessara og tekur hinn sameinaði banki við öllum eignum, skuldbindingum, réttindum og skyldum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Ráðherra skal með reglugerð ákveða nánar um framkvæmd sameiningarinnar.

Við gildistöku laga þessara starfa tveir ríkisviðskiptabankar, Landsbanki Íslands, Útvegs- og Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur starfa fjórir hlutafélagsbankar, Iðnaðarbanki Íslands hf., Verslunarbanki Íslands hf., Samvinnubanki Íslands hf. og Alþýðubankinn hf.

9. Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýtt ákvæði er orðist svo:

Meðan sparisjóðir eru ekki aðilar að Tryggingarsjóði sem veitir jafngóða tryggingu á innstæðum og Tryggingarsjóður hlutafélagsbanka skulu þeir eiga aðild að þeim sjóði með sömu réttindum og skyldum og hlutafélagsbankarnir.

Verði síðar stofnað til sérstaks Tryggingarsjóðs sparisjóða sem veiti jafngóða tryggingu og Tryggingarsjóður hlutafélagsbanka skal nettóeign Tryggingarsjóðs hlutafélagsbanka skipt í hlutfalli við greidd framlög í sjóðinn og hinum nýja Tryggingarsjóði sparisjóða greiddur nettóeignarhlutinn sem svarar til framlaga sparisjóðanna.